

## Skýrsla stjórnar foreldrafélags Sóla, fyrir starfsárið 2017-2018

Þann 7. nóvember síðastliðinn var haldinn aðalfundur og þar voru stjórnarmeðlimir kjörnir formlega. Í stjórn foreldrafélagsins sitja: Thelma Hrund Kristjánsdóttir, formaður, Björg Hjaltested, gjaldkeri, Unnur Líf Ingadóttir, ritari, Guðný Bernósdóttir og Birna Karen Einarsdóttir.

Á síðastliðnu starfsári stóð stjórn foreldrafélagsins fyrir jólaföndri í desember sem var með svipuðu sniði og árið á undan. Fyrst var byrjað á samveru inni í sal þar sem Leó Snær kom með foreldraframlag og söng jólalög með krökkunum. Jólasveinarnir létu svo sjá sig og gáfu krökkunum mandarínur, því næst var farið inn á kjarnana þar sem krakkarnir föndruðu með fjölskyldum sínum. Boðið var upp á heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur. Fyrir jólaföndrið kallaði stjórn foreldrafélagsins eftir sjálfbóðaliðum frá hverjum kjarna sem aðstoðuðu við undirbúning, veitingar og þrif. Það gekk mjög vel og kunnum við þeim sjálfbóðaliðum bestu þakkir fyrir.

Í desember bauð foreldrafélagið nemendum uppá leikhús í tösku sem er í umsjón Þórdísar Arnljótsdóttur, krökkunum til mikillar ánægju.

Foreldrafélagið fékk aðsenda hugmynd um að bjóða elstu nemendum í myndatöku, úr varð að allir elstu hóparnir fóru í heimsókn til Guðbjargar Guðmannsdóttur með sínum hópstjóra, þar fengu þau popp og fór í bæði hóp og einstaklingsmyndatöku. Foreldrar keyptu síðan mynd af sínu barni og þeirra hópi gegn vægu gjaldi sem var niðurgreitt af foreldrafélaginu. Við stefnum á að halda þessu skemmtilega verkefni áfram og gera þetta að hefð fyrir útskriftarhópana.

Þann 20. júní var útskrift elsta árgangsins og gaf foreldrafélagið að venju útskriftarnemum áletruð handklæði með merki skólans og nafni viðkomandi nemanda. Í kjölfarið af útskriftinni var haldin sumarhátíð þar sem boðið var upp á léttar veitingar, hoppukastala og söng. Lögreglan kom svo í heimsókn og leyfði krökkunum að skoða bílana og spjalla við lögreglumennina sem vakti mikla lukku. Dömunar í eldhúsinu á Sóla bökuðu pítsasnúða og kanilsnúða sem voru alveg dásamlegir og þökkum við þeim innilega fyrir það. Mjög góð breyting frá pulsunum að okkar mati.

Í vor gaf foreldrafélagið leikskólanum gjöf að andvirði 100.000 sem nýta á í fótboltamörk og fleira skemmtilegt fyrir krakkana.

Ég vil þakka stjórninni kærlega fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Sóla

---

Thelma Hrund Kristjánsdóttir